

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík 7. desember 2018
UST201810-284/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Akureyrar 2018 - 2030 – Hólasandslína 3

Vísað er til erindis verkefnastjóra skipulagsmála hjá Akureyrarbæ er barst 30. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagsbreytingu á legu Hólasandslínu 3 sunnan Akureyrarflugvallar.

Í greinargerð kemur fram að breytingin nær til þess að Hólasandslína 3 (jarðstrengur) færist um 100-130 m til suðurs á um 600 m kafla við suðurenda flugbrautar Akureyrarflugvallar. Þverun vestustu kvíslar Eyjafjarðarár færist lítillaga til suðurs vegna þessa.

Frummatsskýrsla Hólasandslínu 3

Umhverfisstofnun hefur tekið afstöðu til lagningar jarðstrengs eins og framkvæmdinni er lýst í frummatsskýrslu og er umsögnin dags. 27. nóvember sl., aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar. Umhverfisstofnun telur að umhverfisáhrif strengsins séu minni ef hann er lagður meðfram núverandi vegstæði þar sem landi hefur þegar verið raskað.

Lög um náttúruvernd

Umhverfisstofnun telur að breytt lega jarðstrengsins, líkt og breytingartillagan gerir ráð fyrir, liggi um votlendi og falli því undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Ekki er fjallað um ofangreind atriði í kafla um umhverfismat í breytingartillögunni.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd

auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.


Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur